

Mál 19/2018

Ár 2019, Þriðjudaginn 5 mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 19/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 21. nóvember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 3. júní 2018 hafi komið í ljós að tíkin A var ekki orðin tveggja ára og var ekki með gilt augnvottorð við þörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 29. nóvember 2018 og henni gefinn andmælafrestur til 27. desember. Áður, eða hinn 21. ágúst 2018 hafði borist bréf frá kærðu, þar sem hún útskýrir mál sitt. Afrit þess bréfs var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega, en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn væru fram komin er varðaði málið þá ákvað hún að taka það til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði dagsettu 20. ágúst 2018 paraðist tíkin A við rakkann ISCh B. Við þörunina var tíkin ekki orðin tveggja ára og ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af tegundinni Tibet spaniel og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svarbréfi kærðu kemur fram að báðir hundarnir hafi verið hjá fósturforeldrum og að þörunin hafi gerst þar fyrir slysni. Þörunin var mikið áfall fyrir kærðu sem hefur átt farsælan ræktunarferil í 26 ár og aldrei brotið reglur félagsins vísitandi. Biðst hún afsökunar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með tilskilin vottorð um heilsufarsskoðun fyrir þörun og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Tibet spaniel:

„Tíbet spaniel

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.06.2012). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Og samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ, grein 3.3 segir:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda”

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að tilskilið augnvottorð tíkarinnar lá ekki fyrir við þörun en það eru hluti þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og þarf að liggja fyrir til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgenga sjúkdóma. Tíkin var augnskoðuð eftir þörun og til allra heilla stóðst hún skoðun. Við þörunina hafði tíkin ekki náð tilskyldum aldri sem reglur félagsins kveða á um. Sú regla er sett með velferð dýranna að leiðarljósi og því mikilvægt að ræktendur haldi þá reglu í heiðri.

Í svari kærðu kemur fram að báðir hundarnir hafi verið hjá svokölluðum fósturforeldrum og þörunin þar hafi gerst fyrir slysi. Það breytir þó ekki brotinu, né heldur því að eigandi og ræktandi gotsins er ábyrgur fyrir þöruninni.

Kærða telst því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ en þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóra Fannberg

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir